

66. kirkjuþing 2024 - 2025

16. mál – þskj. 16a

## TILLAGA

### til þingsályktunar um ráðningu í störf svæðisstjóra æskulýðsmála þjóðkirkjunnar.

Flm. Þuríður Björg W. Árnadóttir.

Kirkjuþing 2024-2025 samþykkir að stofna og auglýsa þrjár stöður svæðisstjóra æskulýðsmála þjóðkirkjunnar í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmi, á Suðurlandi og á Norðurlandi. Gert er ráð fyrir að svæðisstjórar hefji störf 1. janúar 2025.

#### Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2021-2022 var samþykkt ný skipan í æskulýðsmálum sem gerði meðal annars ráð fyrir því að búa til fjögur ný störf svæðisstjóra æskulýðsmála á landsvísu. Á höfuðborgarsvæðinu, í Austur- og Suðurlandsprófastsdæmum, í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum og í Húnavatns og Skagafjarðar-, og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum (seinna nefnt svæðisstjóri æskulýðsmála á Norðurlandi).

Samþykkt var að innleiða þessa skipan í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga yrðu auglýstar stöður svæðisstjóra á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og í Austur- og Suðurprófastsdæmum hins vegar frá 1. janúar 2023. Fyrirkomulagið yrði síðan metið og endurskoðað fyrir kirkjuþing að hausti árið 2024 og í framhaldi komið á í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum og í Húnavatns- og Skagafjarðar-, og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum.

Kosinn var þriggja manna starfshópur um æskulýðsmál sem starfaði á meðan nýtt fyrirkomulag væri innleitt, þ.e. til kirkjuþings haustið 2024. Starfshópnum var gert að vera biskupi Íslands til ráðgjafar við gerð starfslýsinga og ákvörðunar á kröfum til menntunar svæðisstjóra. Auk þess bæri hópurinn ábyrgð á fyrri áfanga innleiðingarinnar í samráði við biskup og prófesta þeirra prófastsdæma sem innleiðingin næði til.

Starfshópurinn óskaði eftir skýrslum frá starfandi svæðisstjórum æskulýðsmála á vormánuðum 2024 og skiluðu þeir greinargóðum skýrslum um störf sín og umfang þeirra. Eins og við var að búast hefur nokkur tími farið í að slípa starfið til og skipuleggja umfang þess.

Svæðisstjóri æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu lét vel af störfum sínum og þótti vel hafa tekist til við að innleiða þessa stöðu. Svæðisstjóri starfar í samstarfi við bæði ÆSKP og ÆSKH og hafa félögin staðið saman að mörgum viðburðum. Auk þess hefur svæðisstjóri verið leiðbeinandi og hvetjandi fyrir þá söfnuði sem hafa leitað eftir því. Þá koma svæðisstjórar að skipulagi kirkjuþings unga fólksins og leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar.

Svæðisstjóri æskulýðsmála í Austur- og Suðurprófastsdæmum starfar einnig í samstarfi við ÆSKP og ÆSKA, presta og leiðtoga safnaða prófastsdæmanna. Helstu hnökrar í þessu

stöðugildi eru stærð og umfang. Illa hefur gengið að sinna þessu stóra svæði, sem nær frá Vopnafirði suður í Hveragerði. Auk þess hefur svæðisstjóri á Austur og Suðurlandi sinnt framkvæmdastjórastöðu við Kirkjumiðstöðina á Eiðum og rekið þar einu sumarþúðir Þjóðkirkjunnar. Þar fara einnig fram fermingarbúðir sem söfnuðir frá Dalvík að Höfn hafa sótt, TTT mót, leiðtogabúðir og ýmis önnur starfsemi. Auk þess hefur svæðisstjóri reynt að vinna í samvinnu við presta og prófaða að því að koma á barna- og æskulýðsstarfi þar sem það er ekki fyrir á svæðinu. Ljóst er að umfangið er of mikið fyrir eitt stöðugildi og eru því lagðar til þær breytingar að svæðisstjórastaða æskulýðsmála á Suðurlandi verði sérstakt stöðugildi.

Þá er lagt til að auglýstar verði stöður svæðisstjóra æskulýðsmála þjóðkirkjunnar í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum og svæðisstjóra æskulýðsmála þjóðkirkjunnar á Norðurlandi.

Áætlaður kostnaður er um 24 milljónir á ári.